

## AUGLÝSING

### um breytingu á aðalskipulagi Grímsnes- og Grafningshrepps 2002-2014, Minna-Mosfell.

Samkvæmt 19. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997 hefur ráðherra þann 21. október 2005 staðfest breytingu á aðalskipulagi Grímsnes- og Grafningshrepps 2002-2014, 28. apríl 2003.

Breytingin felst í því að 107 ha svæði í landi Minna-Mosfells breytist úr landbúnaðar-svæði í svæði fyrir frístundabyggð. Annars vegar 85 ha svæði norðan Biskupstungnabrautar og hins vegar 22 ha svæði fyrir sunnan veg.

Uppdrátturinn hefur hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um og samþykki sveitarstjórnar Grímsnes- og Grafningshrepps. Skipulagsstofnun hefur afgreitt erindið til staðfestingar.

Breytingin öðlast þegar gildi.

*Umhverfisráðuneytinu, 21. október 2005.*

F. h. r.

**Magnús Jóhannesson.**

---

*Ingibjörg Halldórsdóttir.*